

fme
FJÁRMÁLA EFTIRLITID

Leiðbeinandi tilmæli
varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar
hjá fjármálafyrirtæki

Ekki í gildi

nr. 4/2003

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

29. október 2003

1. Inngangur.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skulu fjármálafyrirtæki önnur en rafeyrisfyrirtæki og verðbréfamíðlanir starfrækja endurskoðunardeild sem annast skal innri endurskoðun. Samkvæmt sama lagaákvæði getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá. Tilvitnað lagaákvæði er efnislega samhljóða sambærilegu lagaákvæði sem gildi um viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 113/1996 og fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 123/1993.

Hér á eftir verður nánar lýst þeim viðmiðunum sem Fjármálaeftirlitið mun hafa til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki og hvaða skilyrði verða sett fyrir slíkri undanþágu.

Í umræðuskjali nr. 4/2003, þar sem drög að eftirfarandi viðmiðunum voru kynnt, var lagt til að ekki yrði heimilt að semja við ytri endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki, sem ábyrgð ber á endurskoðun ársreiknings fjármálafyrirtækisins, til að uppfylla skilyrði fyrir undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar. Að athuguðu máli var ákveðið að heimila að samið yrði við sama endurskoðunarfyrirtæki enda yrði slík úttekt framkvæmd af öðrum aðila innan fyrirtækisins og að um sjálfstætt verkefni og skýrslugjöf verði að ræða, sbr. ennfremur 2. mgr. 3. töluliðar. Fjármálaeftirlitið mun taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar síðar í ljósi reynslunnar og með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar kunna að verða á alþjóðavettvangi á þessu sviði.

Áhersla er lögð á að þrátt fyrir ákvæði þessara tilmæla ber stjórn fjármálafyrirtækis ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit sé ávallt til staðar innan fjármálafyrirtækis, sbr. ennfremur Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002, um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum.

2. Viðmið varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar.

Í eftirfarandi töflu eru tilgreind þau viðmið sem höfð verða til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar að uppfylltum skilyrðum samkvæmt 3. tölulið.

Viðmið varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar	Heildareignir í m.kr.
Sparisjóður	> 1.000 - < 10.000
Lánafyrirtæki	> 1.000 - < 20.000
	Heildareignir + eignir í eignastýringu og eignavörslu í m.kr.
Verðbréfafyrirtæki	> 1.000 - < 10.000
	Heildareignir + eignir verðbréfasjóða + eignir í eignastýringu og eignavörslu í m.kr.
Rekstrarfélag verðbréfasjóða	> 1.000 - < 20.000

Séu stöðugildi í ársbyrjun færri en 30 yrði undanþága að jafnaði veitt þótt heildareignir færu yfir þau efri mörk sem tilgreind eru í töflunni en með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 3. tölulið.

Fjármálafyrirtæki með eignir undir 1.000 m.kr., sbr. framangreinda töflu, og færri en 10 stöðugildi yrðu undanþegin starfræsklu endurskoðunardeildar enda geri stjórn viðkomandi fyrirtækis Fjármálaeftirlitinu árlega grein fyrir þeim þáttum í innra eftirliti sem fjallað er um í 4. tölulið, sbr. enn fremur Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002, um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum.

Við ákvörðun um undanþágu mun Fjármálaeftirlitið til viðbótar framangreindu hafa hliðsjón af áhættum í starfsemi fyrirtækisins

3. Skilyrði fyrir undanþágu frá starfræsklu endurskoðunardeildar.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. töluliðar er að gerður sé samningur um árlega úttekt á innra eftirliti við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila eða við innri endurskoðunardeild móðurfélags fjármálafyrirtækisins sé fyrirtækið dótturfélag annars fjármálafyrirtækis sem starfrækir endurskoðunardeild. Eftirlitsaðilinn skal vera faglega hæfur og óháður í störfum sínum og er honum óheimilt að sitja í stjórn fjármálafyrirtækisins eða starfa við verkefni í þágu fyrirtækisins sem skert getur óhæði hans við að sinna hlutverki sínu.

Eftirlitsaðili sbr. 1. mgr. verður að vera annar aðili en sá sem annast ytri endurskoðun hjá fjármálafyrirtækinu. Þó er fjármálafyrirtæki heimilt að semja um úttekt á innra eftirliti við sama endurskoðunarfyrirtæki og annast ytri endurskoðun, enda sé úttektin framkvæmd af öðrum aðila innan fyrirtækisins og að um sjálfstætt verkefni og skýrslugjöf sé að ræða.

Í samningi um úttekt á innra eftirliti þarf að lágmarki að kveða á um þau atriði sem nánar er gerð grein fyrir í tölulið 4 hér á eftir. Niðurstöður úttektar á innra eftirliti skulu að lágmarki árlega kynntar stjórn fjármálafyrirtækis skriflega í sérstakri skýrslu. Leiki vafi á því að innra eftirlit fjármálafyrirtækis sé nægjanlegt eða slíku eftirliti verði ekki komið á vegna smæðar fyrirtækisins skal það koma skýrt fram í skýrslu eftirlitsaðila.

4. Atriði sem kveðið skal á um í samningi um úttekt á innra eftirliti.

Í samningnum skal, eftir því sem við á, gert ráð fyrir að reglulega séu framkvæmdar kannanir á eftirfarandi þáttum í innra eftirliti fyrirtækisins.

1. Hvernig staðið er að varðveislu og meðferð fjármuna fyrirtækisins, skráningu skuldbindinga og eftirliti með bókhaldi.
2. Hvort fyrir liggja á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna og stjórnenda komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
3. Hvort fyrirtækið hafi sett sér markmið varðandi helstu áhættuþætti, svo sem útlánaáhættu, markaðsáhættu og lausafjárahættu, og hvernig þeim markmiðum er fylgt eftir.
4. Hvort í starfsreglum og skipulagi fyrirtækisins sé það innra eftirlit sem komið verður á með góðu móti. Kanna hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi. Einnig þeirra sem sjá um færslu bókhalds og þeirra sem bera ábyrgð á afstemmingu á sömu bókhaldsreikningum.

5. Hvort á hverjum tíma séu til staðar eftirlitsaðgerðir og starfsreglur vegna þeirrar eðlisáhættu sem skapast vegna smæðar fyrirtækisins og skorts á nægilegum aðskilnaði starfa. Þetta geta verið reglur um lágmarks samfleytt sumarfrí, reglur um reglubundin starfsskipti á milli einstakra starfsmanna, uppáskrift yfirmanna á afstemmingu bókhalds og fyrirvaralausar sjóðstalningar.
6. Með úrtakskönnunum sé könnuð framkvæmd á fjárvörslusamningum, þ.e. að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu samninga og að eignir séu til staðar.
7. Með úrtakskönnunum sé kannaður áreiðanleiki og gæði þeirra skýrslna sem stjórnendur fyrirtækisins og opinber yfirvöld byggja á.
8. Kanna tölvukerfi fyrirtækisins, meðal annars með tilliti til notkunareftirlits og rekstraröryggis.
9. Gerð sérstakra úttekta á dreifingu útlána og vanskila, stöðu stærstu skuldara og stærstu vanskilaaðila og greiðslutrygginga vegna sömu skuldbindinga.

Reykjavík, 29. október 2003

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Ekki í gildi

Ragnar Hafliðason